


**Afstöðumynd**
mkv. 1:500

## Byggingarlýsing

Sótt er um leyfi fyrir 349,4m2 einbýlishúsi á tveimur hæðum á lóðinni Skógarás 1. Staðgreinir 400-1-76100010 og landnúmer L207289

Útveggir hússins eru ýmist staðsteyptir með svartri sjónsteypu og einangraðir með 100mm plasteinangrun eða glerjaðir. Botn-, gólf- og þakplata eru staðsteypt. Innandyra og á veröndum er gólf frágengið með terrazzo steinsteypu. Þak er einangrað með 220mm steinullareinangrun, klætt með ásoðnum þakpappa og fergjað með möl. Botnplata er einangruð að neðanverðu með 100mm plasteinangrun, milligólf er einangrað að ofanverðu með 100mm harðpressaðri einangrun.

Innveggir eru ýmist sjónsteyptir eða byggðir upp með 70mm veggjagrind og klæddir panel. Votrýmisveggir eru sjónsteyptir eða klæddir með tvöföldu lagi af 12mm rakaþolnum spónarplötum. Allar innanhús klæðningar eru í amk. flokki 2.

Milli efri og neðri hæðar er skábraut með hallanum 1:6. Handrið skábrautarinnar er 1,1m og staðsteypt.

Hitakerfi hússins er blanda af hefðbundnu gólfhitakerfi og miðlægu loftræstikerfi með varmaendurnýtingu.

Rými hússins eru með vélrænni og/eða náttúrulegri loftræstingu.

Neysluvatnslagnir eru rör í rör plastlagnir. Kaldavatnslagnir eru lagðar undir plasteinangrun í botnplötu, en heitavatnslagnir eru steyptar í botnplötu.

Allir gluggar eru úr áli. Opnanleg fög og hurðar eru með opnunarstillingum til útloftunar. Öryggisgler er í gólfsíðum gluggum og rennihurðum.

Reykskynjarar eru í herbergjum, anddyri, þvottahúsi og alrými. Slökkvitæki er í anddyri og eldvarnarteppi í eldhúsi.

Frágangur eldstæðis og reykháfs skal vera í samræmi við 9.6.5 gr. og 9.6.6. gr. brg.

Húsið er ekki hannað skv. algildri hönnun.

Frágangur á lóðamörkum verður í fullu samráði við nágranna þar sem það á við.

Gengið verður með þeim hætti frá lóð að ekki stafi fallhætta af henni. Nánari frágangur er í samráði við arkitekta og/eða landslagsarkitekta.

Þrjú bílastæði eru á lóð

Frávik:
- Hæð hússins er 30cm hærri en byggingarreitur gildandi dsk. segir til um og er því innan þeirra +-30cm frávika sem heimiluð eru í gildandi dsk. sbr. grein 5.1.
- Bílastæðum við götu hefur verið hnikað til suðurs en eru skv. gildandi lóðablaði við norðaustur horn lóðarinnar.
- Reykháfur stingst 440mm og 770mm upp úr byggingarreit.

Niðurstaða varmatapsútreikninga eru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Útveggir | U=0,34 W/m²°K (Ti>=18°C) |
| Gluggar: | U=1,4 W/m²°K (Ti>=18°C) |
| Hurð: | U=1,4 W/m²°K (Ti>=18°C) |
| Þakvirki: | U=0,17 W/m²°K (Ti>=18°C) |
| Þakvirki inngarður: | U=0,04 W/m²°K (Ti>=18°C) |
| Gólf yfirskot: | U=0,04 W/m²°K (Ti>=18°C) |
| Gólf: | U=0,17 W/m²°K (Ti>=18°C) |

Heildarvarmatap á fermetra húss er 1,49 W/m²°C

Birt flatarmál og brúttó rúmmál hússins eru eftirfarandi:
1.hæð: 172,3m2 og 512,5m3
2.hæð: 177,1 m2 og 672,4 m3
Samtals: 349,4m2 og 1.184,9 m3

Stærð lóðar: 781,8 m2
Nýtingarhlutfall lóðar: 0,447

Hámarksnýtingarhlutfall skv. dsk: 0,45
Hámark byggingarmagn skv. dsk: 351,1m2

1911535 06.12.2019

Samþykkt þann
29. JAN. 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

## Skýringar

P Bílastæði
L Landhæð við lóðamörk
G Hæð lóðamarka við götu

## Fyrirvari

Kótar eru í metrum (m). Mál eru í millimetrum (mm). Mælið ekki af teikningum.

Teikning skal lesin með viðeigandi gögnum, verklýsingum og teikningum annarra hönnuða.

Öll mál skal athuga á staðnum áður en smíði hefst. Misræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

11.12.2019
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

| Útgáfa | Breyting | Dags. | Teiknað | Yfirfarið |
|---|---|---|---|---|
| - | - | - | - | - |

Skógarás 1
Stgr. 1400-1-76100010 | Landeignanr. L207289

Einbýlishús — 102
Tegund verks — Verknr.

Aðaluppdrættir — 1:500
Afstöðumynd — Mkv.

A-100 — - — 1/7 — A2
Raðnúmer — Útgáfa — Blað — Stærð

AGLA — JDA — 20.11.19
Teiknað — Yfirfarið — Útgáfa dags.

# TRÍPÓLÍ ARKITEKTAR

Klapparstíg 16 | 101 Reykjavík | s: 519-2930 | www.tripoli.is | tripoli@tripoli.is

Andri G. L. Andrésson | Arkitekt ETH FAÍ | kt: 240182-3949 | andri@tripoli.is
Guðni Valberg | Arkitekt FAÍ | kt: 250880-5299 | gudni@tripoli.is
Jón Davíð Ásgeirsson | Arkitekt FAÍ | kt: 250280-5729 | jon@tripoli.is

©Trípólí Arkitektar
Öll afnot og afritun teikningar að hluta eða í heild er háð skriflegu leyfi höfunda.